

Fimmtudaginn 27. janúar 1994.

Nr. 28/1994.

**Glitnir hf.**

(Andri Árnason hrl.)

gegn

**Framkvæmdasjóði Íslands**

(Hróbjartur Jónatansson hrl.)

Kærumál. Nauðungarsala. Úthlutun uppboðsandvirðis. Eignarréttur. Veð.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 5. janúar 1994, sem barst réttinum ásamt kærugögnum 18. s.m. Kæruheimild er í 79. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu. Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og frumvarpi sýslumannsins á Selfossi að úthlutun uppboðsandvirðis JCB Loadall 525 HL lyftara úr þrotabúi Smára hf. verði breytt þannig, að 2.070.000 krónur af uppboðsandvirðinu renni til hans í stað varnaraðila. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

### **I.**

Fyrir héraðsdómi gaf skýrslu Gylfi Þór Rútsson, sem var starfsmaður sóknaraðila, er viðskipti þau, sem um er fjallað í málinu, áttu sér stað. Kveður hann forsvarsmenn Smára hf. hafa leitað til sín vegna kaupa á lyftara vorið 1990 og falast eftir fjármögnun sóknaraðila til kaupanna. Málaleitun þessi hafi verið samþykkt með því skilyrði, að hluti kaupverðs lyftarans kæmi frá Smára hf. og eigendur félagsins tækjust á hendur persónulega greiðsluábyrgð á kaupverði hans að öðru leyti. Er gengið hafði verið frá kaupum á lyftaranum við Glóbus hf., hafi Smári hf. fengið umráð hans. Til hafi staðið að gera kaupleigusamning um lyftarann við Smára hf., en þegar til kom, hafi greiðsluábyrgð eigenda félagsins ekki fengist. Hafi þá verið brugðið á það ráð af hálfu sóknaraðila, að Smári hf. gæfi út

þau tvö skuldabréf í erlendum gjaldeyri, sem kröfur sóknaraðila í málinu byggjast á. Gert hafi verið ráð fyrir því, að Smári hf. yrði eigandi lyftarans, er umræddum skuldabréfum hefði verið þinglýst, en frá formlegri eignarheimild hafi ekki verið gengið.

## II.

Kaupverð lyftarans virðist hafa numið 4.500.000 krónum. Samkvæmt gögnum málsins greiddi Smári hf. 1.800.000 krónur af kaupverðinu 3. maí 1990 með því að afhenda Glóbusi hf. eldri lyftara, er félagið átti, og 7. s.m. 600.000 krónur með víxli. Kaupverðið að öðru leyti, 2.100.000 krónur, innti sóknaraðili af hendi til Glóbusar hf. 4. s.m. með gírógreiðslu. Neðanmáls á gíróseðilinn undir yfirskriftinni „skýring greiðslu“ er skráð: „Greiðsla vegna Smára hf.“

Samkvæmt framansögðu og öðru því, sem fram kemur í hinum kærða úrskurði um viðskipti sóknaraðila og Smára hf. varðandi kaup á umræddum lyftara, hefur sóknaraðila ekki tekist sönnun þess, að svo hafi um samist, að hann eignaðist lyftarann. Þvert á móti eru ekki efni til að álykta á annan veg en að Smári hf. hafi öðlast eignarumráð yfir lyftaranum þegar við kaup hans af Glóbusi hf. og að hlutur sóknaraðila í viðskiptum þessum hafi eingöngu verið peningalán til Smára hf. vegna kaupanna. Veðsetning lyftarans af hálfu Smára hf. í þágu varnaraðila var því gild gagnvart sóknaraðila, og vísast til forsendna héraðsdómara um þann þátt málsins.

Með skírskotun til þessa ber að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Sóknaraðili greiði varnaraðila kærúmálskostnað, eins og í dómsorði greinir.

Það athugast, að í hinum kærða úrskurði eru málsaðilar ranglega nefndir stefnandi og stefndi.

## D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Glitnir hf., greiði varnaraðila, Framkvæmdasjóði Íslands, 100.000 krónur í kærúmálskostnað.

### Úrskurður Héraðsdóms Suðurlands 22. desember 1993.

Mál þetta barst Héraðsdómi Suðurlands 16. febrúar sl. með bréfi Sveinbjörns Sveinbjörnssonar hdl. f.h. Glitnis hf., dagsettu 15. febrúar sl., þar sem því er lýst að Glitnir hf. geti ekki fallist á frumvarp til úthlutunar á uppboðsandvirði JCB Loadall 525 HL lyftara úr þrotabúi Smára hf., en kröfu Glitnis hf. um breytingu á frumvarpinu var hafnað á fundi hjá uppboðshaldara þann 15. janúar sl. Málið var fyrst tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi þann 21. júní sl. en var endurupptekið þann 25. ágúst með vísan til 104. gr. laga nr. 91/1991. Fór fram frekari gagnaöflun og var málið síðan tekið til úrskurðar að nýju að loknum munnlegum málflutningi þann 25. október sl. Þrátt fyrir það að lengri tími er liðinn en áskilinn er í 1. mgr. 115. gr. laga nr. 91/1991, eru lögmenn aðila og dómari á einu máli um að ekki sé þörf á endurflutningi málsins.

#### *Dómkröfur.*

Af hálfu Glitnis hf. eru gerðar þær dómkröfur að úthlutunargerð sýslumannsins á Selfossi, dags. 15. janúar 1993, varðandi JCB Loadall 525 B4 HL lyftara, serialnr. 563814, sem seldur var á nauðungaruppboði 28. febrúar 1992, verði breytt á þann veg, að þeir fjármunir sem samkv. úthlutunargerðinni eigi að renna til stefnda, Framkvæmdasjóðs Íslands, gangi í stað þess til Glitnis hf. Þá er gerð krafa um að stefndi verði dæmdur til að greiða málskostnað auk virðisaukaskatts af málflutningsþóknun samkvæmt mati réttarins.

Stefndi, Framkvæmdasjóður Íslands, gerði þær dómkröfur, að úthlutunargerð sýslumannsins á Selfossi, dags. 15. janúar 1993, varðandi JCB Loadall 525 B4 HL-lyftara, vinnuvélar nr. JF-0001 verði staðfest. Þá er gerð krafa um að stefnandi verði dæmdur til að greiða málskostnað samkvæmt gjaldskrá LMFÍ auk virðisaukaskatts.

#### *Málavextir.*

Á opinberu nauðungaruppboði, er fram fór í Þorlákshöfn 28. febrúar 1992, voru seldir munir í eigu þrotabús Smára hf. Meðal þess, sem selt var samkvæmt uppboðsauglýsingu, var lyftari, tegund JCB Loadall 525 B4 HL. Lyftari þessi var seldur hæstbjóðanda fyrir kr. 2.310.000,00. Með bréfi, dagsettu 28. febrúar, lýsti Framkvæmdasjóður Íslands kröfu í uppboðsandvirðið, að fjárhæð kr. 16.521.555,00. Krafan byggðist á veðskuldabréfi, út gefnu 13. júlí 1990 og móttæknu til þinglýsingar samdægurs, upphaflega að fjárhæð USD 238.297,87, en samkvæmt bréfinu veðsetti Smári hf. Framkvæmdasjóði Íslands ýmsa lausafjármuni og meðal þeirra er talinn „JCB Loadall 525-67, lyftari, vinnuvélar nr. JF-0001, seriunr. 525-67/563815“. Í kröfulýsingarbréfinu er því jafnframt mótmælt að Glitnir hf. eigi nokkur

þau veðréttindi í hinum selda lyftara samkvæmt veðbréfi, þinglýstu 12.09.1990, er gangi fyrir framangreindum 1. veðrétti Framkvæmdasjóðs Íslands.

Með bréfi, dagsettu 9. mars, lýsti Glitnir hf. kröfu í uppboðsandvirðið, að fjárhæð kr. 3.298.588,00. Ekki var þess getið í kröfulýsingunni við hvað hún styddist, en ætla verður að hún hafi byggst á þeim tveim skuldabréfum er fylgdu kröfulýsingunni. Veðskuldabréf þau, er fylgdu kröfulýsingunni, sem út gefin voru 7. september 1990 af Smára hf. og móttækin voru til þinglýsingar þann 18. september 1990, voru upphaflega að fjárhæð DEM 30.294,46 og USD 18.051,20. Samkvæmt veðskuldabréfum þessum var Glitni hf. veðsett með fyrsta veðrétti „JCB Loadall 525 B4 HL lyftara m. serialnúmeri 563814“.

Þann 2. apríl 1992 var málsaðilum sent frumvarp að úthlutunargerð. Samkvæmt frumvarpinu skyldi uppboðsandvirðið, að frádregnum kostnaði, renna til Framkvæmdasjóðs Íslands vegna fyrrgreinds veðbréfs.

Af hálfu Glitnis hf. var með bréfi, dagsettu 24. apríl 1992, gerð krafa um það að úthlutunargerðinni yrði breytt á þann hátt að uppboðsandvirðið, að frádregnum kostnaði, rynni óskipt til Glitnis hf.

Þann 15. janúar 1993 var haldinn fundur á skrifstofu sýslumannsins á Sel-fossi vegna fyrrgreindra mótmæla af hálfu Glitnis hf. Var þá lýst þeirri ákvörðun sýslumanns að frumvarpið skyldi standa óbreytt. Var því þá lýst yfir af hálfu Glitnis hf. að ekki yrði á þá ákvörðun fallist og leitað yrði úrlausnar héraðsdóms Suðurlands.

Upplýst er að Smári hf. átti eldri lyftara af sömu gerð og lyftara þann sem seldur var á uppboðinu 28. febrúar 1992, en það er nýrri lyftarinn, sem er andlag deilu þeirrar sem fjallað er um í máli þessu. Smári hf. samdi við stefnanda máls þessa, Glitni hf., um fjármögnun á nýjum lyftara af sömu gerð. Var upphaflega gert ráð fyrir því að um kaupleigusamning yrði að ræða. Þó yrði þarna hlutafjármögnun þannig, að hluti af fjármagninu til lyftarakaupanna kæmi frá Smára hf. Jafnframt gerði Glitnir hf. kröfu til þess, að til baktryggingar kæmu persónulegar ábyrgðir eigenda Smára hf. Þegar gengið var frá kaupunum á lyftaranum tók seljandi lyftarans, Globus hf., eldri lyftarann upp í kaupin, að því er virðist á kr. 1.800.000,00. Globus hf. gaf út kvittanir fyrir andvirði lyftarans 8. og 9. maí 1990 og voru þær stílaðar á Smára hf. Ljóst er þó, að kr. 2.100.000,00 voru greiddar inn á reikninginn af Glitni hf. Þann 13. júní 1990 er innborgunarfjárhæðin síðan millifærð af viðskiptareikningi Smára hf. hjá Globusi hf. og yfir á Glitni hf., að því er virðist samkv. fram lögðu viðskiptayfirliti.

Smári hf. virðist hafa fengið nýja lyftarann í hendur þegar gengið hafði verið frá greiðslum til Globusar hf. Ekkert varð þó af því að kaupleigu-

samningur yrði gerður milli Glitnis hf. og Smára hf., þar sem ekki náðist samkomulag milli fyrirtækjanna um skilmála. Var síðar ákveðið að fyrirgreiðsla Glitnis hf. til Smára hf. yrði í því formi að hluti Glitnis hf. yrði fjármagnaður með erlendu lánsfé og myndi Smári hf. gefa út tvö skuldabréf fyrir lánsfjárhæðinni og yrði helmingur lánsins í USD en hinn helmingurinn í DEM. Ekki var þó gengið endanlega frá kaupunum fyrr en 7. september 1990 og voru bréfin þá gefin út og voru þau móttækin til þinglýsingar 12. september og innfærð 18. september 1990, án athugasemdar.

#### *Málsástæður.*

Stefnandi byggir kröfur sínar á því, að Smári hf. hafi ekki verið eigandi að lyftaranum er veðsetningin til stefnda fór fram og stefndi hafi því ekki öðlast neinn veðrétt í lyftaranum sem hafi á þeim tíma verið eign stefnanda. Byggir hann það á því að forsvarsmenn Smára hf. hafi óskað eftir því við stefnanda að hann keypti tiltekinn lyftara af Globusi hf. og leigði hann síðan til Smára hf. með kaupleigusamningi. Stefnandi hafi í framhaldi af því keypt lyftarann og hafi hann verið afhentur Smára hf. Það hafi síðan dregist að gengið væri frá kaupleigusamningnum. Síðan hafi verið horfið frá því að gera slíkan samning en ákveðið að gera lánsamning milli aðila í stað kaupleigusamnings og í framhaldi af því hafi Smári hf. gefið út 2 skuldabréf til stefnanda sem móttækin voru til þinglýsingar þann 12. september 1990 og færð athugasemdalaust inn í þinglýsingabók þann 18. sama mánaðar. Þegar skuldabréfið til Framkvæmdasjóðs Íslands var gefið út hafi stefnandi verið eigandi að lyftaranum og Smára hf. því óheimilt að veðsetja hann og stefndi í máli þessu hafi ekki getað öðlast neinn rétt yfir lyftaranum við útgáfu þess veðbréfs. Á stefnanda hvíli engin skylda að þinglýsa eignarréttarkaupsamningum. Þá sé serialnúmer lyftarans í veðbréfi stefnda annað en lyftarans sem seldur var á uppboðinu og því hafi stefndi ekki veð í þeim lyftara sem hér er fjallað um.

Þá byggir stefnandi kröfu sína á því að tilgreining hins veðsetta lyftara í veðbréfi stefnda hafi ekki verið nægilega glögg til þess að sérgreina mætti hið veðsetta og bendir að auki á að í veðbréfinu sé serialnúmer lyftarans rangt.

Stefndi styður kröfu sína um staðfestingu á úthlutunargerðinni þeim rökum að veðskjali stefnda sé þinglýst án athugasemdar 2 mánuðum á undan veðskjöllum stefnanda og hafi hún því fullt gildi gagnvart stefnanda skv. III. kafla laga nr. 39/1978.

Þá telur stefndi að innfærsla sýslumannsins á Selfossi og tilgreining í veðmálabókum sé fullnægjandi og í samræmi við 9. gr. l. nr. 39/1978 til að sér-

greina lyftarann. Er því mótmælt að stafvilla í serialnúmeri lyftarans í veðbréfi stefnda hafi nokkur þau áhrif á gildi veðbréfs er varði því að það glati réttarvernd gagnvart veðbréfum stefnda.

Loks telur stefndi að sú málsástæða stefnanda, að lyftarinn hafi ekki verið í eigu Smára hf. er veðsetning lyftarans átti sér stað, sé ekki studd fullnægjandi gögnum. Lyftarinn hafi verið í vörslum Smára hf. og í notkun hjá fyrirtækinu. Skriflegur kaupsamningur hafi ekki legið fyrir, en stefndi telur að án efa hafi komist á munnlegur samningur um kaup Smára hf. á lyftaranum. Hafi verið um formlega vanheimild að ræða er veðsetningin til stefnda fór fram, hafi verið úr þeirri vanheimild bætt er formlega var gengið frá kaupunum og Smári hf. gaf út veðskjölin til stefnanda í september 1990.

#### *Niðurstæða.*

Deila sú, sem hér er til umfjöllunar, lýtur að forgangsrið veðréttinda. Annars vegar er um að ræða veðbréf, út gefið 13. júlí 1990 af stjórn Smára hf., þar sem Framkvæmdasjóði Íslands er sett að veði fyrir láni að fjárhæð USD 238.297,87 með 6. veðrétti lóð fiskeldisstöðvar Smára hf. ásamt mannvirkjum og búnaði. Að auki er veðsett með 1. veðrétti lausafé samkvæmt viðfestum lista. Á lista þessum er meðal annars talið „JCB Loadall 525-67 lyftari, vinnuvélarnúmer JF-0001, seriunr. 525-67/563815“. Veðbréf þetta var móttækið til þinglýsingar af sýslumanninum í Árnassýslu 13. júlí 1990 og innfært í þinglýsingabók 16. júlí 1990 án athugasemdar. Hins vegar er um að ræða tvö veðbréf, annað að fjárhæð USD 18.051,20, en hitt að fjárhæð DEM 30.294,46. Bæði eru veðbréfin út gefin 7. september 1990 fyrir hönd Smára hf. Með bréfunum er Glitni hf. veðsett með 1. veðrétti, samhliða hvort öðru, „JCB Loadall 525 B4 HL lyftari m. serialnúmeri 563814“. Veðbréf þessi voru móttækin til þinglýsingar af sýslumanninum í Árnassýslu 12. september 1990 og innfærð í þinglýsingabók 18. september 1990, án athugasemdar.

Hvað varðar tilgreiningu hins veðsetta verður að leggja til grundvallar mat þinglýsingadómara, en hann hefur metið tilgreininguna nægilega og fært veðsetninguna inn í veðmálabækur. Við veðsetningu Framkvæmdasjóðs er hinn veðsetti lyftari skráður í veðmálabækur sem „JCB Loadall lyftari (sic)“ þrátt fyrir það að tilgreiningin í veðbréfinu sé ítarlegri. Verður að byggja á því að samkvæmt mati þinglýsingadómara hafi þarna verið um nægilega tilgreiningu að ræða, enda átti veðhafi ekki möguleika á að segja þinglýsingadómara fyrir verkum með það, á hvern hátt hann tilgreindi hið veðsetta í veðmálabókum. Þar sem þinglýsingadómari kaus að nota ekki „serial“-númer lyftarans til tilgreiningar á honum, verður ritvilla í númeri

erinu ekki þess valdandi að hægt sé að telja að ekki hafi stofnast veðréttur í hinum margnefnda lyftara. Þá ber á það að líta að á þessum tíma var ekki um að ræða nema einn lyftara af þessari gerð í vörslum Smára hf. Verður að telja að í samræmi við meginreglu 15. gr. laga um þinglýsingu nr. 39/1978 gangi veðréttur Framkvæmdasjóðs Íslands skv. veðbréfinu, er móttakið var til þinglýsingar 13. júlí 1990, fyrir veðrétti Glitnis hf. samkvæmt veðbréfunum tveim er móttækin voru til þinglýsingar 12. september 1990.

Stefnandi rökstyður kröfu sína aðallega með því að Smári hf. hafi ekki verið eigandi lyftarans er veðsetningin fór fram. Glitnir hafi verið eigandi lyftarans og því hafi Smára hf. verið óheimilt að veðsetja hann. Hér er um lausafé að ræða, sem ekki er skráningarskylt. Verður að líta svo á að handhöfn hins veðsetta af hálfu veðsala sé nægileg heimild til þess að veðhafi öðlist þann rétt, er veðbréfið kveður á um, enda sé veðhafi í góðri trú. Þá ber þess að gæta, að fyrir liggur, að við kaup á lyftaranum var verulegur hluti kaupverðsins greiddur af veðsala og einnig að stefnandi máls þessa hefur með höndum þá fjármálastarfsemi að annast fjármögnun á slíkum kaupum, ýmist með kaupleigusamningum, með lánveitingum eða milli-göngu um slíkar lánveitingar. Verður að telja rétt, að hann beri því hallann af því, ef eitthvað fer úrskaiðis, þar sem það var í hans verkahring að ganga tryggilega frá skjölum í sambandi við þessa eignayfírfærslu. Samkvæmt því, er hér hefur verið rakið, verður að synja kröfu stefnanda, Glitnis hf., um breytingu á úthlutunargerð sýslumannsins á Selfossi, dagsettri 15. janúar 1993, og ber að staðfesta hana. Stefnandi greiði stefnda, Framkvæmdasjóði Íslands, málskostnað sem ákveðst kr. 300.000,00.

Kristján Torfason dómstjóri kvað upp úrskurð þennan.

#### Ú r s k u r ð a r o r ð:

Staðfest er úthlutunargerð sýslumannsins á Selfossi frá 15. janúar 1993, þar sem úthlutað er kr. 2.070.000,00 upp í kröfu Framkvæmdasjóðs Íslands samkv. veðbréfi, út gefnu 13. júlí 1990. Stefnandi, Glitnir hf., greiði stefnda, Framkvæmdasjóði Íslands, kr. 300.000,00 í málskostnað.